

# **Vöktun eiturþörunga 2010**


Hafsteinn G. Guðfinnsson, Kristín J. Valsdóttir, Agnes Eydal,  
Kristinn Guðmundsson og Karl Gunnarsson

**Hafrannsóknastofnun  
2011**

## Inngangur

Vöktun eiturþörunga árið 2010 í tengslum við tínslu, veiðar og ræktun skelfisks stóð yfir allt árið í Eyjafirði en hófst upp úr miðjum maí í Breiðafirði og Hvalfirði. Sýnatökum var haldið áfram út árið 2010 á stöð við Stykkishólm, en lauk á stöð við Flatey og í Hvalfirði í september. Vöktunin á þessum stöðum var með hefðbundnu sniði þ.e.a.s. svifþörungasýni voru tekin á 7-10 daga fresti til greininga og talninga á eiturþörungum, en tíðni sýnatöku var aukin ef mikill fjöldi eiturþörunga var í svifinu. Sýni bárust einnig frá Mjóafirði eystri og Steingrímsfirði en sýnataka á þeim svæðum var óregluleg, m.a. háð veiðum, neyslu skelfisks o.fl. (1. mynd).

Vöktunin er samstarfsverkefni Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar, skelfiskveiðimanna og krækingsræktenda.



1. mynd. Sýnatökustaðir fyrir eiturþörungavöktunina á árinu 2010, rauðu hringirnir sýna fastar vöktunarstöðvar, grænu hringirnir sýna stöðvar þar sem vöktun er ekki viðvarandi.

Vöktun eiturþörunga hefur nú staðið samfleytt í 6 ár í Hvalfirði, Breiðafirði og Eyjafirði. Þar sem ekki er verið að uppskera skelfisk allt árið hefst vöktunin að vori, yfirleitt í maí og lýkur að hausti, í september eða október. Vöktun á þörungum stendur allt árið þar sem verið er að nýta skelfisk. Til þess að markaðssetja skelfiskinn verður hann að vera merktur auðkennismerki Matvælastofnunar, sem er staðfesting á því að framleiðslan sé undir eftirliti stofnunarinnar og að mælingar á þörungaeitri hafi verið gerðar.

Niðurstöður greininga og talninga eiturþörunga eru settar jafnóðum inn á heimasíðu vöktunarinnar [www.hafro.is/voktun](http://www.hafro.is/voktun) og þar má fylgjast með því hvort eiturþörungar hafi fundist á viðkomandi svæðum. Ef fjöldi eiturþörunga fer yfir tiltekin viðmiðunarmörk er varað við neyslu skelfisks á svæðinu.

Helstu niðurstöður vöktunarinnar á árinu 2010 eru eftirfarandi:

- **Hvalfjörður;** sýnum var safnað vikulega á einni stöð út af Hvammsvík. Sýnatakan hófst 19. maí og henni lauk 25. september. Varað var við neyslu skelfisks á tímabilinu 31. maí til 22. ágúst, alls var það vegna hættu á DSP-eitrun 8 sinnum, PSP-eitrun 2 sinnum og ASP-eitrun 9 sinnum (Tafla 1.).

- **Breiðafjörður;** sýnum var safnað á stöð við Flatey og annarri út af Stykkishólmi. Sýnataka hófst á báðum stöðvum 18. maí, henni lauk í lok júlí við Flatey, utan eins sýnis sem tekið var 11. september, en sýnatökur við Stykkishólm stóðu út árið. Í Breiðafirði var varað við neyslu skelfisks, samfelld á tímabilinu 5. – 30. júlí. Á stöð við Stykkishólm þrisvar sinnum vegna hættu á DSP-eitrun, vegna hættu á PSP-eitrun 5 sinnum og ASP-eitrun 2 sinnum. Á stöð við Flatey var varað við hættu á PSP-eitrun 4 sinnum (Tafla 1).
- **Eyjafjörður;** sýnum var safnað á stöð við HrÍsey og stöð sýnataka allt árið. Varað var við neyslu skelfisks á tímabilinu 28. júní – 25. ágúst vegna hættu á skelfiskeitrun, vegna DSP-eitrun 4 sinnum, PSP-eitrun 4 sinnum og ASP-eitrun 9 sinnum (Tafla 1).
- **Steingrímsfjörður;** þar stóð vöktun eiturbörunga yfir í stuttan tíma eða frá 9. maí og fram til 24. júní. Varað var við neyslu skelfisks 1 sinni vegna hættu á PSP-eitrun, sýnið sem lá því til grundvallar var tekið 23. maí (Tafla 1).
- **Mjóifjörður eystri;** sýnum var safnað á stöð út af bænum Brekku, þar stóð vöktun eiturbörunga yfir á tímabilinu 23. júní – 27. september. Aldrei var varað við hættu á þörungaeitri í skelfiski á tímabilinu (Tafla 1).

Tafla 1. Yfirlit yfir opnun og lokanir ræktunar- og tínslusvæða kræklings árið 2010.

2010	9-15/5	16-22/5	23-29/5	30/5-5/6	6-12/6	13-19/6	20-26/6	27/6-3/7	4-10/7	11-17/7	18-24/7	25-31/7	1-7/8	8-14/8	15-21/8	22-28/8	29/8-4/9	5-11/9	12-18/9	19-25/9	26/9-2/10																	31/12
Hvalfjörður			DA	DA	DA	D	D	D	D	DPA	DPA	DA	A	A	A																							
Breiðafj./Stykkish.						D	PD	PD	P	PA	PA																											
Breiðafjörður/Flatey							P			P	P	P																										
Eyjafjörður								A	A	A	A	A	DPA	DPA	DPA	DPA																						
Mjóifjörður eystri																																						
Steingrímsfjörður			P																																			

- Ekki talin hætta á skelfiskeitrun á svæðinu
- D Varað við hættu á DSP-eitrun í skelfiski (Diarrhetic Shellfish Poisoning)
- P Varað við hættu á PSP-eitrun í skelfiski (Paralytic Shellfish Poisoning)
- A Varað við hættu á ASP-eitrun í skelfiski (Amnestic Shellfish Poisoning)
- Sýnasöfnun ekki hafin/ lokið, eða sýni vantar.

Það sem helst vekur athygli ef niðurstöður árána 2009 og 2010 eru bornar saman er að töluvert meira var um eitranir árið 2009 en 2010 og magn eiturbörunga var mun meira. Í Eyjafirði var varað við neyslu skelfisks í 9 vikur árið 2010 en 14 vikur á árinu 2009, sömuleiðis í Breiðafirði á stöð við Flatey var varað við hugsanlegri eitrun í skelfiski í 4 vikur árið 2010 í samanburði við 8 vikur árið 2009. Í Hvalfirði var um svipað langan tíma að ræða bæði árin, viðvörðun um hættu á skelfiskeitrun var gefin út í 12 vikur 2010 og 13 vikur 2009, en magn og samsetning eiturbörunganna var ólíkt. Árið 2009 var varað við hættu á öllum þremur eitrunum þ.e. DSP-, PSP- og ASP-eitrun í einu í 7 vikur, en aðeins í 2 vikur 2010.